

Grænt bókhald  
2016

## Efnisyfirlit


Yfirlýsing stjórnar .....	2
Staðfesting endurskoðanda .....	3
Starfssemi Íslenska Gámafélagsins .....	4
Umhverfisstefna.....	4
Starfsleyfi .....	5
Spilliefni .....	5
Hráefnis og auðlindanotkun – Lykiltölur.....	5
Magn sorps frá starfsemi Íslenska Gámafélagsins 2016 .....	5
Orkunotkun 2016.....	5
Eldsneytisnotkun 2016.....	5

## Yfirlýsing stjórnar

Stjórn Íslenska Gámafélagsins staðfestir hér með þær upplýsingar sem settar eru fram í grænu bókhaldi fyrirtækisins fyrir árið 2016.



Jón Þórir Kristjánsson



Þuranna Þórunn



Ólafur Sigurðsson



## Staðfesting endurskoðanda

Ég hef endurskoðað tölulegar upplýsingar í skýrslu um grænt bókhald fyrir starfsemi Íslenska Gámafélagsins ehf. árið 2016.

Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingarnar sem koma fram í græna bókhaldinu. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit mitt að skýrsla Íslenska Gámafélagsins ehf. sé gerð í samræmi við lög og reglugerðir um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.



Elfa Dögg Þórðardóttir  
Umhverfisfræðingur.

## Starfssemi Íslenska Gámafélagsins

Íslenska gámafélagið ehf. var stofnað 1999 en hefur vaxið og dafnað og nú starfa um 250 manns hjá fyrirtækinu víða um land.

Íslenska Gámafélagið er með höfuðstöðvar í Gufunesi í Reykjavík en er einnig með starfsstöðvar í Árborg, Reykjanesbæ, Akureyri, Reyðarfirði, Egilsstöðum og víðar.

Íslenska Gámafélagið býður upp á heildarlausn á sviði umhverfisþjónustu sem spannar alla þætti almennrar sorphirðu, flokkun og útflutning hráefna til endurvinnslu og ráðgjöf á sviði flokkunar og endurvinnslu, til fyrirtækja, einstaklinga og sveitafélaga.

Starfsemin byggist að mestu leyti á sorphirðu og flokkun hjá fyrirtækjum og heimilum um allt land. Ferlið fer síðan eftir tegund úrgangans hverju sinni, hvort um sé að ræða almennt óflokkað sorp sem sent er til urðunar eða endurvinnanlegt hráefni sem flokkað er í flokkunarstöðvum Íslenska Gámafélagsins og sent til endurvinnslu. Einnig sækir fyrirtækið lífrænan eldhúsúrgang og sér um jarðgerð á honum. Það hráefni sem Íslenska gámafélagið sér ekki um úrvinnslu á er sent til annarra fyrirtækja sem sjá um það.

Í upphafi árs 2014 var spilliefnamóttaka standsett í starfstöð Íslenska Gámafélagsins í Gufunesi. Þar eru þau spilliefni sem koma inn á svæðið flokkuð og þeim fundin réttur úrvinnslufarvegur. Árið 2012 fékk Íslenska Gámafélagið leyfi til að flytja út rafgeyma til endurvinnslu. Rafgeymar og önnur spilliefni eru geymd í samræmi við starfsleyfi.

Íslenska Gámafélagið vinnur samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO.

## Umhverfisstefna

Markmið Íslenska Gámafélagsins er að vera leiðandi á sviði umhverfismála í sorphirðu, endurvinnslu og endurnýtingu. Fyrirtækið leitast við að finna markvissar lausnir í umhverfismálum og leitar stöðugt nýrra tækifæra í nýtingu vistvænnar orku, sjálfbærni og nýtir auðlindir með eins litlum umhverfisáhrifum og kostur er.

Með starfsemi sinni leitast Íslenska Gámafélagið við að lágmarka áhrif þýðingamestu umhverfisþáttanna ásamt því að vera leiðandi fyrirtæki á Íslandi í umhverfisstjórnun, þekkt fyrir gæði þjónustunnar og framfarir í umhverfismálum.

Það er markmið Íslenska Gámafélagsins að uppfylla ávallt kröfur og væntingar viðskiptavina, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og starfa ávallt í samræmi við lög og reglugerðir. Það gerir félagið með því að byggja upp virkt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við alþjóðlegar kröfur, halda starfsmönnum upplýstum og tryggja stöðugar endurbætur.

Til að tryggja stöðugar framfarir í gæða- og umhverfismálum setur fyrirtækið sér mælanleg markmið. Allir starfsmenn skulu vera meðvitaðir um umhverfisáhrif fyrirtækisins og hafa kunnáttu og færni til að draga skipulega úr áhrifum þýðingarmestu umhverfisþáttanna, sem eru:

- Eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda.
- Efnanotkun, spilliefnaútgangur og losun efna í vatn og jarðaveg.
- Almennur úrgangur, meðhöndlun og flokkun

## Starfsleyfi

Íslenska Gámafélagið fellur undir fyrirtækjaflokkinn 5.1 – Stöðvar fyrir meðhöndlun, förgun eða endurnýtingu spilliefna, samkvæmt fylgiskjali með reglugerð nr. 851/2002, um grænt bókhald. Starfsleyfi fyrir spilliefnamóttöku var gefið út af Umhverfisstofnun 16. nóvember 2005 og gildir til 1. nóvember 2017. Vinna að umsókn á nýju starfsleyfi er því hafin.

Leyfi til að taka á móti úrgangi til endurvinnslu og flutning á úrgangi og spilliefnum var gefið út af Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar þann 8. júní 2010 og gildir til 8. júní 2022.

## Spilliefni

Í starfsleyfi kemur fram að skrá skuli umhverfis- og rekstrarþætti sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið.

Heildarmagn spilliefna sem Íslenska Gámafélagið tók á móti voru um 265 tonn. Aðallega eru þetta tiltölulega hættulaus spilliefni eins og málning, kitti og sparsl. En mesta þyngdin er í rafgeymum og rafhlöðum eða rúm 120 tonn.

Engin mengunaróhöpp urðu á árinu.

## Hráefnis og auðlindanotkun – Lykiltölur

Magn sorps frá starfsemi Íslenska Gámafélagsins 2016

Flokkur	Magn (kg)
Almennt sorp	13.360
Gæðapappír	20
Lífrænt	1.502
Bylgjupappi	1.850
Grænt efni til flokkunar	1.680

### Orkunotkun 2016

Rafmagn (kWst)	1.041.339
Kalt vatn (m <sup>3</sup> )	25.769
Heitt vatn (m <sup>3</sup> )	80.332

### Eldsneytisnotkun 2016

Metan (m <sup>3</sup> )	Bensín 95 okt (l)	Díselolía (l)	Díselolía, lituð (l)	Lífdísel (l)
126.388	29.361	988.390	165.979	80.000